

5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011

Um aukastyrk fyrir félagsmenn vegna námsferða og námsskeiða

5.–Aðalfundar FG 17.-18.maí 2011 beinir því til stjórnar Vonarsjóðs að sett verði inn svigrúm í reglur sjóðsins vegna sérstakra þarfa umsækjanda t.d. kostnaðar vegna aðstoðarmanna og táknmálstúlka.

Greinargerð

Í FG eru t.d. heyrnarlausir grunnskólakennarar sem eru með íslenskt táknmál sem sitt móðurmál. Svo þessir kennarar geti notið námsferða erlendis þarf túlk til að túlka það sem fram fer í ferðinni. Túlkur þarf að túlka allt sem heyrandi heyra og hann þarf að koma allri fræðslu og upplýsingum til skila. Túlkurinn er hlutlaus og fylgir með í ferðinni allan tímann og þarf alltaf að vera reiðubúinn að túlka við hvað tækifæri sem er.

Túlkþjónusta eru sjálfsögð mannréttindi fyrir heyrnarlausu kennara. Það er hlutverkt túlksins að brúa bilið milli á tveggja tungumálaheima.